

Ennfremur er ríkisstjórninni heimilt að taka að láni á árunum 1939 og 1940 allt að 7 milljónum króna, eða jafngildi þeirra í erlendri mynt. 42
14. maí

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

LÖG

43

19. maí

um breyting á lögum nr. 1 5. jan. 1938, um síldarverksmiðjur ríkisins.

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á eftir fyrra málsl. 1. málsgr. 4. gr. laganna kemur nýr másl.: Kosnir skulu og með sama hætti 5 varamenn í stjórnina, til jafnlangs tíma. Eigi skal þó kveðja varamann til starfa nema aðalmaður óski þess eða hafi fallið frá.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og skal á því þingi, er samþykkir lögin, kjósa varamenn fyrir þann tíma, sem eftir er af kjörtímabili núverandi stjórnar síldarverksmiðja ríkisins.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sönderborg, 19. maí 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Skúli Guðmundsson.